



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, 1. mál, 157. löggjafarþing.

Hér í framhaldi er að finna samantekt yfir helstu áherslur SI ásamt ítarlegri umfjöllun um einstaka málaflokka.

Starfsumhverfi fyrirtækja

- SI fagna megináherslum fjárlagafrumvarpsins sem miða að auknum efnahagslegum stöðugleika og aðhaldi í ríkisfjármálum. Þessi stefna er í fullu samræmi við ákall samtakanna um ábyrga hagstjórn.
- SI lýsa hins vegar vonbrigðum með að ekki sé stærri hluti þess afkomubata sem væntur hagvöxtur næsta árs skilar ríkissjóði nýttur til að draga úr halla fjárlaganna og efla þannig stöðugleika. Vel hefði verið hægt að skila fjárlögum með afgangi og þar með leggjast enn frekar á árar með öðrum aðilum hagstjórnar í að ná verðbólgu og vöxtum niður.
- SI fagna að ekki séu neinar nýjar almennar skattahækkanir í frumvarpinu. Skattaálögur eru íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Hlutfall skatttekna hins opinbera er mjög hátt hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Háir skattar og gjöld eru byrði á fyrirtækin og draga úr samkeppnishæfni Íslands.
- Samtökin fagna áherslum stjórnvalda er varða hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningu stofnana.

Nýsköpun

- Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&P) styrkir framboðshlið hagkerfisins og fagna SI því mjög að í fjárlagafrumvarpinu sé kveðið skýrt á um að skattahvatar vegna R&P verði festir í sessi. Þannig skapast hvati til aukinna fjárfestinga í R&P en með því að festa hvatana í sessi geta fyrirtækin gert langtímaáætlanir og trúverðugleiki og stöðugleiki gagnvart fjárfestum eykst. Reynslan sýnir að hvatarnir virka en hugverkaiðnaður hefur orðið fjórða stoð útflutnings og sú stoð sem vaxið hefur hraðast á undanförunum árum. Þá eru hvatarnir eitt helsta tæki stjórnvalda til þess að auka fjárfestingar í R&P upp í 3,5% af vergri landsframleiðslu en það markmið hefur komið fram í máli forsætisráðherra.
- Skattahvatar R&P leiða til aukinnar verðmætasköpunar með auknum fjárfestingum í nýsköpun í iðnaði enda leiðir slík fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífsskjör á Íslandi til framtíðar.
- SI fagna stefnu stjórnvalda um að vísindi, tækniþróun og nýsköpun verði helstu drifkraftar sterks samfélags og samkeppnishæfs hagkerfis sem sé í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.
- SI eru ánægð með þær áherslur sem fram komu í máli forsætisráðherra nýlega á fundi um atvinnustefnu – vaxtarplan til tíu ára, sem stjórnvöld eru að móta. Kom þar fram að

það væri markmið ríkisstjórnarinnar að ná fjárfestingu í rannsóknum og þróun í 3,5% af landsframleiðslu árið 2035 en það hlutfall er nú um 2,7%.

Samgönguinnviðir og húsnæðisuppbygging

- Að mati SI er ánægjulegt og nauðsynlegt að frumvarpið kveði á um auknar áherslur á fjárfestingu í innviðum. Innviðaskuldin í hagkerfinu er mikil, bæði varðandi nýfjárfestingar og viðhald. Sérstaklega má þar benda á aukin framlög til viðhalds vegakerfisins en það er sá innviður sem er í hvað verstu ástandi vegna ónógs viðhalds á síðustu árum.
- SI lýsa hins vegar vonbrigðum með að ekki sé unnið meira á innviðaskuldinni sem safnast hefur upp á síðustu árum. Þrátt fyrir aukna fjárfestingu í innviðum í frumvarpinu dugar það ekki til. Mikið fjármagn vantar t.d. í vegakerfið til að það geti sinnt sínu hlutverki vel. Ófullnægjandi innviðir draga úr framleiðni og samkeppnishæfni hagkerfisins.
- SI eru ánægð með að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Alvarlegt ójafnvægi hefur verið á íbúðamarkaði þar sem skortur á íbúðum sem mætir þörfum landsmanna hefur komið fram í mikilli og þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Leggja þarf áherslu á aðgerðir sem ýta undir framboðshlið markaðarins og stöðugt starfsumhverfi byggingariðnaðarins.
- Í frumvarpinu er ekki að finna neinar tillögur um hækkun á VSK-endurgreiðslu vegna vinnu manna á verkstað en aðgerðin myndi efla framboðshlið íbúðamarkaðarins núna þegar ríflega 40% verðbólgunnar er vegna ójafnvægis á íbúðamarkaði.¹ Samtökin hvetja stjórnvöld til að endurskoða þá afstöðu sína.

Mennta- og mannauðsmál

- SI lýsa miklum vonbrigðum með að í frumvarpinu skuli gert ráð fyrir að fresta nauðsynlegri uppbyggingu og framkvæmdum í verkmenntaskólum. Á sama tíma og stjórnvöld segjast stefna að því að auka hlutfall nemenda í starfs- og tækninámi er aðkallandi fjárfesting í aðstöðu sett á ís. Skortur á húsnæði hefur verið ein helsta ástæða þess að árlega hefur allt að 1.000 umsóknum í iðn- og tækninám verið hafnað, á sama tíma og atvinnulífið glímir við viðvarandi færniskort á þessu sviði.²
- Mikil þörf er á fjölgun iðnmenntaðra á vinnumarkaði til að mæta eftirspurn og því þarf að fjölga nemendaígildum iðnnáms sem eru langt undir raunverulegri þörf í dag. Það er óásættanlegt að aðgengi að iðnnámi er mun lakara en að bóknámi og háskólanámi en nær allir umsækjendur fá inngöngu í bóknám en ekki í iðnnám.
- SI lýsa jafnframt vonbrigðum með niðurskurð í fjárveitingum til framhaldsfræðslu. Þvert á áform hefði þurft að tvöfalda framlög til að mæta mikilli þörf á raunfærnimati. Skerðing fjármagns til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) veikir enn fremur getu til að bregðast við skorti á námsgögnum og innleiðingu á menntatækni.

¹ [Aðgerðir ríkis og sveitarfélaga draga úr uppbyggingu íbúða, greining SI, febrúar 2025](#)


² [600-1.000 vísað frá þegar fleiri þurfa að ljúka iðnnámi, greining SI, nóvember 2023](#)

1. Stöðugt, hagkvæmt og skilvirk starfsumhverfi

SI fagna megináherslum fjárlagafrumvarpsins sem miða að auknum efnahagslegum stöðugleika og aðhaldi í ríkisfjármálum. Þessi stefna er í fullu samræmi við ákall samtakanna um ábyrga hagstjórn. Lækkandi halli ríkissjóðs og minnkandi skuldir eru forsenda fyrir því að skapa rekstrarumhverfi sem einkennist af auknum fyrirsjáanleika og lægri fjármagnskostnaði.

Það er fagnaðarefni í þessu sambandi að dregið sé úr halla ríkissjóðs og stefnt að jafnvægi árið 2027. Ábyrg ríkisfjármál eru lykillinn að því að ná niður verðbólgu og skapa forsendur fyrir lækkun stýrivaxta, sem er eitt stærsta hagsmunamál fyrirtækja og heimila í landinu. Auk þess skapa lægri skuldir ríkissjóðs aukinn viðnámsþrótt ríkisfjármála gagnvart áföllum og áskorunum.

Halli ríkissjóðs
% af landsframleiðslu



SI hafa lagt áherslu á að stjórnvöld setji samkeppnishæfni í algjöran forgang. Það er ekki síst mikilvægt á óvissutímum í alþjóðamálum, vegna aukinnar spennu og stríðs í Evrópu og alþjóðavæðing hefur breytt um takt, með auknum tollum. Hafa samtökin kallað eftir slíkri stefnu ríkisstjórnarinnar um árabíl en SI gáfu út ítarlega skýrslu þess efnis árið 2018.³ Fagna samtökin því að ríkisstjórnin hafi nú sett af stað vinnu við gerð atvinnustefnu sem getur að mati samtakanna orðið stökkpallur inn í nýtt hagvaxtarskeið. Slík stefna verður að kveða á um raunverulegar aðgerðir. Umbætur í fimm málaflokkum skipta þar mestu: menntamál, uppbyggingu innviða, hagfelld umgjörð nýsköpunar, starfsumhverfi og orkumál. Þetta eru þeir þættir sem ráða mestu um breytileika í framleiðni milli landa.


Samtökin fagna sérstaklega þeim áherslum í fjárlagafrumvarpinu sem snúa að ofangreindum málaflokkum. Má þar nefna áherslu á stöðugleika en hann skapar fyrirsjáanleika og eykur fjárfestingu í þáttum sem auka framleiðni og hagvöxt til lengri tíma. Verðbólgan er of há og mikilvægt að ná henni niður í markmið Seðlabankans.

SI lýsa hins vegar vonbrigðum með að ekki sé stærri hluti þess afkomubata sem væntur hagvöxtur næsta árs skilar ríkissjóði nýttur til að draga úr halla fjárlaganna og efla þannig stöðugleika. Vel hefði verið hægt að skila fjárlögum með afgangi og þar með leggjast enn frekar

³ [Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland, SI 2018](#)


á árar með öðrum aðilum hagstjórnar í að ná verðbólgu og vöxtum niður. Með því að snúa halla í afgang hefði líka verið hægt að lækka skuldastöðu ríkissjóðs meira, draga úr vaxtakostnaði og efla viðnámsþrótt ríkisfjármála.

Heildartekjur, -gjöld og halli ríkissjóðs % af landsframleiðslu



Það er fagnaðarefni að ekki séu neinar nýjar almennar skattahækkningar í frumvarpinu. Í því sambandi er rétt að hafa það í huga að opinberar álögur á íslensk fyrirtæki eru margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Hlutfall skatttekna hins opinbera er mjög hátt hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Háir skattar og gjöld eru byrði á fyrirtækin í samkeppni. Samkvæmt frumvarpinu munu skatttekjur ríkissjóðs og tryggingagjöld nema 3,3 milljónum króna á mann á næsta ári sem er ríflega einni milljón krónum meira en árið 2010. Háar skattaálögur draga úr hagkvæmni í rekstri, fækka störfum og hægja á fjárfestingum og verðmætasköpun.

Skatttekjur ríkissjóðs á mann Milljónir króna á föstu verði 2024



Í þessu sambandi vilja samtökin benda á að skattspor iðnaðarins, þ.e. bein og óbein skattgreiðsla iðnaðar til samfélagsins, er mjög umfangsmikið og endurspeglar mikilvægi greinarinnar í hagkerfinu. Heildarskattspor iðnaðar nam 464 milljörðum króna árið 2023 samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics sem unnin var fyrir SI.⁴ Þröngt skattspor greinarinnar

⁴ Skattspor iðnaðarins 464 milljarðar króna – stærst allra útflutningsgreina, greining SI, apríl 2025



(án virðisaukaskatts) nam 220 milljörðum og er það stærst allra útflutningsgreina. Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 107 milljörðum og sjávarútvegsins 89 milljörðum sama ár.

SI telja það vonbrigði að í frumvarpinu séu ekki neinar tillögur um hækkun á VSK-endurgreiðslu vegna vinnu manna á verkstað en aðgerðin myndi efla framboðshlið íbúðamarkaðarins núna þegar ríflega 40% verðbólgunnar er vegna ójafnvægis á íbúðamarkaði. Nánar er vikið að þessum þætti í kaflanum um húsnæðismál síðar í þessari umsögn.

Lykilforsenda þess að íslenskt atvinnulíf dafni og samkeppnishæfni þess aukist er að fyrirtæki starfi í skilvirku starfsumhverfi þar sem regluverk er skýrt og eftirlit hóflegt. Þannig skapast svigrúm til að fjölga störfum og sækja tækifæri út fyrir landsteinana til að ná í nauðsynlegar útflutningstekjur. Í því samhengi hafa SI talað fyrir því að einfalda regluverk og gæta þess að ganga ekki lengra en þörf krefur við innleiðingu á Evrópuregluverki (gullhúðun) ásamt því að fjarlægja séríslenskar viðbætur (afhúðun).

Samtökin fagna áherslum stjórnvalda er varða umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, einföldun stjórnsýslu og sameiningu stofnana. Til mikils er að vinna og hafa samtökin jafnframt bent á tækifæri til hagræðingar m.a. í opinberum innkaupum þar sem undirbúningur og kröfur um aukið gagnsæi skipta sköpum. Samtökin fagna því að lögð er áhersla á bætta og skilvirka þjónustu í stjórnsýslu og vilja samtökin hvetja stjórnvöld til að halda áfram fjárfestingu í stafrænum ferlum, með útboðum, til að stuðla að langtíma hagræðingu í stjórnsýslunni.


2. Nýsköpun

SI fagna áherslum ríkisstjórnarinnar um að vísindi, tækniþróun og nýsköpun verði helstu drifkraftar sterks samfélags og samkeppnishæfs hagkerfis sem sé í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. SI eru ánægð með það sem kom fram í máli forsætisráðherra nýlega á fundi um atvinnustefnu – vaxtarplan til tíu ára, sem stjórnvöld eru að móta. Kom þar fram að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að ná fjárfestingu í rannsóknum og þróun í 3,5% af landsframleiðslu árið 2035 en það hlutfall er nú um 2,7%. Um 70% fjárfestingarinnar kemur frá einkaaðilum.

Það að gera skattahvata til rannsókna og þróunar (R&D) varanlega er mikilvægt skref í þessa átt en hvatarnir eru hryggjarstykkið í stuðningsumhverfi nýsköpunar og mikilvægasti drifkrafturinn fyrir vöxt hugverkaiðnaðar hér á landi. Því fagna SI sérstaklega hversu skýrt er kveðið á um áætlanir ríkisstjórnarinnar um að festa varanlega í sessi skattahvata vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar. Skattahvatarnir eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að nýsköpun og hafa leitt til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun með tilheyrandi fjölgun háframleiðnistarfa og ríkulegri afkomu hagkerfisins með auknum útflutningstekjum. Þetta er því dæmi um vel heppnaða stefnumörkun sem skilað hefur tilætluðum árangri. Hafa ber í huga að mikill meirihluti fjárfestingar í R&D kemur frá einkaaðilum. Önnur birtingarmynd af þessum áherslum stjórnvalda er vöxtur hugverkaiðnaðar á liðnum árum.

Útflutningur hugverkaiðnaðar

Milljarðar króna



Hugverkaiðnaður er fjórða stoð útflutnings á Íslandi en útflutningstekjur greinarinnar námu 309 milljörðum króna árið 2024 sem er tvöföldun á síðustu fimm árum. Vöxtur hugverkaiðnaðar þýðir aukin verðmætasköpun, aukinn efnahagslegur stöðugleiki og fleiri háframleiðnistörf. Fjárfesting fyrirtækja R&Ð er undirstaða hugverkaiðnaðar og mannauður helsta auðlind greinarinnar.

SI leggja áherslu á það sem stefnt er að í fjárlögum um að þak vegna R&Ð miðist áfram við 1,1 ma. kr. og hlutföll verði 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og 25% hjá stórum fyrirtækjum. Fyrirsjáanleiki í endurgreiðslum vegna R&Ð skiptir sköpum þegar fyrirtæki ákvarða hvar staðsetja á rannsókn- og þróunarverkefni og öflugir skattahvatar eru meginástæða fyrir því að erlendir fjárfestar styðji að fyrirtæki staðsetji rannsókn- og þróunareiningar sínar hér á landi.


Samtökin styðja heildarendurskoðun á R&Ð kerfinu til þess að tryggja markvissan og gagnsæjan stuðning en hvetja stjórnvöld eindregið til þess að setja ekki svo hamlandi reglur að íslenskt samfélag verði af kröftugum nýsköpunarverkefnum.

Samtökin styðja að öðru leyti það sem fram kemur í fjárlögum um málaflokkinn nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.

3. Húsnæðisuppbygging

SI lýsa ánægju með að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Alvarlegt ójafnvægi hefur verið á íbúðamarkaði þar sem skortur á íbúðum sem mætir þörfum landsmanna hefur komið fram í mikilli og þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Ríflega 41% verðbólgunnar nú má rekja til þessa ójafnvægis þ.e. lítið til síðustu 12 mánaða hefur skortur á húsnæði hækkað vísitölu neysluverðs um 1,7%. Þessi mikla hækkun skilur lítið svigrúm eftir fyrir aðrar hækkanir ef 2,5% verðbólguþröskuldi Seðlabankans á að nást. Ljóst er að hér þarf að vera breyting á ef tryggja á lága verðbólgu og vexti til lengri tíma.

Hluttur reiknaðrar og greiddrar húsaleigu í verðbólgu



Líkt og seðlabankastjóri hefur bent á eru háir stýrivextir ekki gott tæki til að taka á verðbólgu sem sprottin er af þessum rótum. Háir stýrivextir laga ekki þann kerfisvanda sem er á húsnæðismarkaði, þeir fjölga ekki lóðum, bæta ekki feril skipulagsmála eða einfalda regluverk. Þvert á móti gera háir stýrivextir framboðsvandann verri með því að hægja á íbúðaruppbyggingu og skapa þannig hættu á húsnæðisskortu í næstu uppsveiflu.

Með því að beita verkfærum sem að ýta undir framboðshlið húsnæðismarkaðarins geta stjórnvöld hins vegar gert margt til að laga þetta ójafnvægi. Það sem byggingariðnaðurinn þarf fyrst og fremst er stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi og að böndum sé náð á gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga þegar kemur að nýbyggingum. Einnig þarf gott aðgengi að hæfu starfsfólki, skilvirkt skipulagsferli og að nægt framboð sé af lóðum til uppbyggingar fyrir fjölbreytta uppbyggingu sem spurn er eftir. Þá þarf að tryggja aukið fjármagn til rannsókna og prófana hér á landi og tryggja góða eftirfylgni með aðgerðum í Vegvísi um mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar.

SI lýsa vonbrigðum með að ekki sé í frumvarpinu dregin til baka sú aukna skattlagning á byggingariðnaðinn sem fólst í lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna á verkstað úr 60% í 35% sem ráðist var í um mitt ár 2023. Aðgerðin var að mati samtakanna illa ígrunduð og byggði á röngum forsendum. Umrædd breyting hækkaði kostnað við húsnæðisbyggingar umtalsvert og kom þannig til viðbótar við aðra þætti sem draga úr uppbyggingu s.s. háa vexti, skort á lóðum og auknar álögur sveitarfélaga.⁵

Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld hækki aftur endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, í þeim tilgangi að hvetja til frekari virkni á framboðshlið húsnæðismarkaðarins og reyna þannig að sporna gegn því að ójafnvægi á þessum markaði grafi undan stöðugleika í landinu.

4. Samgönguinnviðir

SI fagna áherslu í frumvarpinu á að lækka innviðaskuldina og ráðast í byggingu arðbærra innviða. Fjárfesting í efnislegum innviðum styrkir framboðshlið hagkerfisins og leggur grunn að

⁵ [Aðgerðir ríkis og sveitarfélaga draga úr uppbyggingu íbúða, greining SI, febrúar 2025](#)


sjálfbærum framtíðarhagvexti auk þess sem huga þarf sérstaklega að innviðum á óvissutímum til að efla viðnámsþrótt og öryggi landsmanna.

Fjárfestingar í samgönguinnviðum á borð við hafnir, flugvelli, vegi og brýr stuðla að aukinni samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins. Slík fjárfesting leiðir til meiri verðmætasköpunar, aukinna útflutningstekna og þar með hærri tekna ríkissjóðs.

Samkvæmt frumvarpinu hækkar fjárfestingarstig ríkissjóðs milli ára í samræmi við markmið um fjármögnun mikilvægra innviðaverkefna. Heildarfjárfesting eykst úr rúmlega 95 ma.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga ársins 2025, eða 2% af VLF, og verður um 114 ma.kr. árið 2026 eða um 2,2% af VLF. Samkvæmt frumvarpinu skal 7,5 mö.kr. varið í fjárfestingar, viðhald og þjónustu á vegakerfinu til að vinna á þeirri bráðu innviðaskuld sem þar er. Um er að ræða aukningu um 4,5 ma.kr. í viðhald kerfisins og 2,5 ma.kr. í nauðsynlega vetrarþjónustu samgöngukerfisins. Nýframkvæmdir í vegakerfinu eru svo auknar um 0,5 ma.kr.

Ástandseinkunn innviða

Skali 1-5



Á sama tíma og þessari viðbót er fagnað vilja SI benda á að boðuð framlög dugi ekki til að mæta þeim mikla viðhaldsvanda og uppsafnaðri fjárfestingarþörf sem fyrir hendi er. Í skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða, sem kom út í febrúar 2025, kemur fram að heildarviðhaldsskuld innviða nemi um 680 milljörðum króna.⁶ Þar af er mesta viðhaldsskuldin í vegakerfinu, eða á bilinu 265–290 milljarðar króna, og ástandseinkunn vegakerfisins er lægst allra innviða samkvæmt skýrslunni.

Viðhaldsskuldin er í raun form skuldasöfnunar af hálfu hins opinbera. Með því að fresta nauðsynlegu viðhaldi eru ríki og sveitarfélög að velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir. Afleiðingarnar eru ekki aðeins fjárhagslegar heldur hafa þær einnig áhrif á öryggi og lífsgæði almennings. Afleiðingar þess að vanrækja viðhald eru mjög alvarlegar og kostnaðarsamar. Því lengur sem viðhaldi er slegið á frest, því meiri verður kostnaðurinn þegar loks er ráðist í aðgerðir. Vegir sem ekki fá reglulegt viðhald ganga hraðar úr sér og þurfa dýrari lagfæringar síðar meir. Á meðan uppfyllir kerfið ekki lágmarkskröfur, hamlar atvinnulífi, eykur slyshættu, dregur úr viðnámsþrótti samfélagsins og minnkar möguleika fólks til að búa og starfa í dreifðari byggðum.

⁶ Innviðir á Íslandi 2025 – Ástand og framtíðarhorfur, SI og FRV, febrúar 2025

Auk viðhaldsskuldur er veruleg þörf á nýfjárfestingum í vegakerfinu til að mæta aukinni umferð og breyttri notkun. Umferð á þjóðvegum hefur aukist um 67% á síðastliðnum 10 árum, vegna fólksfjöldunar, fjölgunar ferðamanna og aukinna þungaflutninga. Vegakerfið hefur ekki verið stækkað í takt við þessa þróun, sem skapar bæði flöskuhálsa og hættu á aukinni slysafíðni.


Í þessu samhengi fagna samtökin fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um stofnun innviðafélags sem myndi sjá um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, s.s. vegna jarðgangna og sambærilegra flýtiframkvæmda. Fjármögnun félagsins yrði utan A1-hluta fjárlaga en fyrirnefnd innviðaskýrsla sýnir að þeir innviðir sem reknir eru utan þess hluta ríkissjóðs eru heilt yfir í betra ástandi en aðrir.

5. Orka- og umhverfismál

SI fagna áherslu ríkisstjórnarinnar á aukna raforkuöflun og yfirlýsingum um tíu ára raforkuöflunaráætlun til að skapa fyrirsjáanleika. Til samræmis við þessar áherslur eru samtökin ánægð með 3 milljarða kr. aukningu framlaga samkvæmt frumvarpinu vegna vegagerðar í tengslum við uppbyggingu Hvammsvirkjunar.

6. Mennta- og mannauðsmál

Á síðastliðnum áratug hefur starfandi í iðnaði fjölgað um nær 14 þúsund, sem samsvarar um þriðjung af heildarfjölgun starfandi í hagkerfinu á sama tímabili. Þessi þróun endurspeglar aukinni hlutdeild iðnaðarins í atvinnulífinu og undirstrikar mikilvægt framlag greinarinnar til hagvaxtar og verðmætasköpunar á undanförunum árum. Sterkur mannauður hefur verið meginforsenda þessa vaxtar.



Skortur á vinnuafli með rétta menntun er mikil áskorun fyrir iðnaðinn og hefur haft neikvæð áhrif á framleiðni, samkeppnishæfni og getu greinarinnar til að skapa verðmæti. Sérstaklega skortir starfsfólk með menntun á sviði iðn- og tæknigreina auk starfsfólks með menntun í STEAM-greinum. Enn er árlega allt að 1.000 nemendum hafnað um skólavist í iðn- og tækninámi, sem er óásættanlegt í ljósi þess að atvinnulífið stendur frammi fyrir viðvarandi færniskorti.⁷

⁷ [600-1.000 vísð frá þegar fleiri þurfa að ljúka iðnnámi, greining SI, nóvember 2023](#)

Það eru mikil vonbrigði að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir frestun fyrirhugaðra framkvæmda við verkmenntaskóla um eitt ár. Heildarútgjöld til framhaldsskólastigsins hækka einungis um 1,9% vegna stærri árgangs sem kemur inn í skólana. Þar af eru fjárfestingar í fimm skólum (FB, VMA, MÍ, FS, FNV) aðeins 166 milljónir króna árið 2026, sem er langt undir raunverulegri þörf til að fylgja eftir stækkun húsnæðis og fjölgun nemenda í iðn- og tækninámi.

Það er einnig óviðunandi skortur á nemendagildum í framhaldsskólakerfinu. Rafmennt gæti tekið við um 80 nemendagildum í rafvirkjun og tengdum greinum, þar sem skortur er mikill.⁸ Tækniskólinn og VMA gætu bætt við 50–100 nemendagildum og aðrir verknámskólar um 10–30 nemendagildum hver. Staðan er sú að allir umsækjendur komast í bóknám og háskólanám, en ekki í iðnnám. Það er óásættanlegt að starfs- og tækninám, sem er burðarás atvinnulífsins og lykillinn að því að mæta færniskorti, búi við svo skert aðgengi.

Hlutfall framhaldsskólanema í starfsnámi er lægra á Íslandi en í flestum samanburðarlöndum. Árið 2024 voru einungis 34,9% íslenskra framhaldsskólanema í starfsnámi, á meðan hlutfallið var 52% í Noregi, 68% í Finnlandi og 44% að meðaltali innan OECD. Hlutfallið var hærra meðal drengja (44,3%) en stúlkna (24,2%)⁹. Þó ber að hafa í huga að hluti aukningarinnar hér á landi skýrist af styttingu stúdentsprófs árið 2019, þegar fækkun nemendaígilda í bóknámi hafði áhrif á tölfræðina.

OECD hefur bent á að færnismisræmi sé mikið á Íslandi og yfir meðaltali OECD og Norðurlandanna. Skortur er sérstaklega mikill í iðn- og tæknigreinum. Þetta hefur bein áhrif á framleiðni og samkeppnishæfni og kallar á markvissar aðgerðir í starfs- og tæknimenntun til að fjölga útskrifuðum nemendum og nýta betur þá hæfni sem til staðar er. Þá er bent á að íslenska menntakerfið þurfi að bregðast við samdrætti í grunnfærni nemenda samkvæmt PISA-könnunum, þar sem frammistaða hefur hrakað umtalsvert á síðustu tveimur áratugum, sem getur haft veruleg áhrif á framleiðni til lengri tíma.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til framhaldsfræðslu og fræðslumiðstöðva skerðist um 56 milljóna króna. Framlag til Vinnustaðanámssjóðs er hins vegar óbreytt á milli ára. Fræðslusjóður atvinnulífsins fær áfram sama fjármagn og árið 2014, þrátt fyrir að hann úthluti fjármagni til raunfærnimats og fullorðinsfræðslu, þetta fjármagn þyrfti að tvöfalda til þess að mæta stærri markhópi sem sækir í sjóðinn. Markhópur fullorðinsfræðslu var útvíkkaður á síðasta kjörtímabili án þess að viðbótarfjármagn fylgdi, sem hefur grafið undan getu hans til að sinna hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

SI hvetur stjórnvöld til að auka verulega fjárveitingar til starfs- og tæknimenntunar, hraða stækkun og endurnýjun húsnæðis og tækjabúnaðar og tryggja að fleiri nemendur fái raunhæfan kost á að hefja nám. Einnig þarf að auka fjármagn til námsgagna í skólum sem og efla menntatækni í leik- og grunnskólum, einkum í lestri, skráningu, íslenskukennslu, stærðfræði og STEAM-greinum, til að styrkja grunninn og stuðla að aukinni skilvirkni, eins og stefna stjórnvalda gefur til kynna. Niðurskurður upp á 400 milljónir króna til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS), sem skerðir möguleika stofnunarinnar til að innleiða menntatæknilausnir, gengur hins vegar þvert gegn þessum markmiðum.

⁸ [Fyrirtæki í rafiðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum, greining SI febrúar 2024.](#)

⁹ [OECD Economics Surveys: Iceland 2025](#)

7. Íslensk kvikmyndagerð

Í fjárlagafrumvarpi er framlag til Kvikmyndasjóðs áætlað 1.362 milljónir króna. Það er óveruleg hækkun frá fjárlögum 2025. Þrátt fyrir þessa nafnverðshækkun er mikilvægt að hafa í huga að raunframlög til Kvikmyndasjóðs hafa dregist saman á undanförunum árum. Til samanburðar námu framlög til sjóðsins 1.257 milljónum króna árið 2024, sem var 20,1% raunlækkun frá árinu 2023 þegar framlagið var 1.484,7 milljónir króna.

Öflugum Kvikmyndasjóði er ætlað að tryggja blómlegt kvikmyndalíf á Íslandi með fjölbreyttum verkum sem auðga íslenska tungu og menningu. Það er ljóst að samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaíðnaðar byggir á traustu sjóðakerfi, en vilyrði frá Kvikmyndasjóði eru oft forsenda þess að framleiðendur geti tryggt sér erlent fjármagn.

Þrátt fyrir þetta mikilvæga hlutverk hefur verið dregið úr framlögum til sjóðsins. Sem dæmi má nefna að árið 2018 nam framlagið 994,7 milljónum króna. Sú upphæð jafngildir um 1.410 milljónum króna á núvirði, sem sýnir glöggð að raunlækkunin er umtalsverð.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að endurskoða þessar áætlanir. Það er hagur alls samfélagsins að íslensk kvikmyndagerð fái að dafna og verður það best tryggt með auknum og fyrirsjáanlegum stuðningi við Kvikmyndasjóð.


Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Sigurður Hannesson

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Ingólfur Bender

aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins